

Norðurorka selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt verðskrá og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn.

Verðskrá fyrir afnot af heitu vatni skiptist í tvær grunneiningar (1) fast verð og (2) rúmmetragjald eða kílóvattstundagjald. Greiddur er sérstakur skattur af seldu heitu vatni, umhverfis- og auðlindaskattur, og er hann 2%. Virðisaukaskattur af hitaveitu til hitunar húsa og laugarvatns er 11%. Virðisaukaskattur af hitaveitu til annarrar notkunar er 24%.

Almenn orkunotkun

Veitusvæði	Grunnur	kr.	Umhverfis- og auðlindaskattur	Stofn til vsk	vsk 11%	Samtals með vsk
Akureyri og nágrenni	kr/m ³	193,73	3,87	197,60	21,74	219,34
Akureyri og nágrenni, sundlaugar	kr/m ³	193,73	3,87	197,60	21,74	219,34
Akureyri og nágrenni	kr/kWst	4,51	0,09	4,60	0,51	5,11
Ólafsfjörður	kr/m ³	118,57	2,37	120,94	13,30	134,24
Ólafsfjörður hemlagjald	kr/mínílíter/mán	2.676	53,52	2.729,52	300,25	3.030
Reykjaveita	kr/kWst	7,01	0,14	7,15	0,79	7,94

Veitusvæði	Grunnur	kr.	Umhverfis- og auðlindaskattur	Stofn til vsk	vsk 24%	Samtals með vsk
Akureyri og nágrenni, snjóbræðsla	kr/m ³	193,73	3,87	197,60	47,43	245,03

Skýringar:

Reiknað er með 30°C bakrásarhita samkvæmt reglugerð 561/2012 við mælingu á orku, en viðskiptavinum er frjálst að nýta varmaorku neðar en það án þess að rukkað sé fyrir það.

Hemlar eru á útleið og í stað þeirra kemur orkuígildismælir.

Fast verð

Stærð mælis	Grunnur	kr.	Umhverfis- og auðlindaskattur	Stofn til vsk	vsk 11%	Samtals með vsk
15 - 20 mm	kr/dag	101	2,02	103,02	11,33	114
25 - 32 mm	kr/dag	419	8,38	427,38	47,01	474
40 mm	kr/dag	1.644	32,88	1.676,88	184,46	1.861
50 mm og stærri	kr/dag	3.171	63,42	3.234,42	355,79	3.590

Skýringar:

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu í samræmi við stærð heimæðar.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir bilar þannig að mæling bregst, áætlað veitan vatnsnotkun með hlíðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar við húsveitu hefst innheimta samkvæmt verðskrá.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það sem heimæð og veitukerfi leyfa. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstingsbreytingum, og er starfsfólki veitunnar einu heimilt að breyta stillingu hans.

Um tæknilega tengiskilmála hitaveitna gildir reglugerð nr. 488/2021.